



Reykjavík, 16. desember 2021

SFS2021060159

222. fundur

HG/geb

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu frá fulltrúa ungmennaráðs Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að skólasund verði gert að valfagi í grunnskólum borgarinnar ef nemandi stenst stöðupróf á unglingastigi

Á fundi í borgarstjórar og Reykjavíkurráðs ungmenna sem haldinn var 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Elísabetar Láru Gunnarsdóttur frá ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að gera sund að valfagi á unglingastigi að því gefnu að nemandi hafi staðist stöðupróf um grunnhæfniviðmið skólasunds. Lagt er til að breytingin taki gildi í byrjun skólaáris 2021 – 2022.

Tillögunni fylgdi greinargerð.

Til að afla upplýsinga um hvernig grunnskólar borgarinnar eru þegar að nýta sér þann sveigjanleika sem er til staðar í aðalnámskrá grunnskóla með því að nemendur geti sýnt fram á að hafa staðist hæfniviðmið í skólasundi í 9. bekk og hvað nemendum er þá boðið upp á í staðinn var sendur póstur til allra skóla í Reykjavík með unglingastig. Allir 22 borgarreknir og fjórir sjálfstætt reknir skólar svöruðu fyrirspurninni.

Í ljós kom að í 20 borgarreknum skólum og tveimur sjálfstætt reknum skólum í borginni er nemendum gefinn kostur á að sýna fram á að hafa staðist hæfniviðmið aðalnámskrár í skólasundi í 9. bekk. Aðeins í fjórum skólum hefur nemendum verið gert skylt að sækja kennslu í skólasundi í 10. bekk en allir þessir skólar sögðust tilbúnir til að leita leiða til að bjóða þeim nemendum sem uppfylla hæfniviðmið í sundi í 9. bekk að ljúka sundinu frá og með næsta skólaári. Nokkrir skólar nefndu sérstaklega að þeim nemendum sem ekki ná hæfniviðmiðum í skólasundi í 9. bekk sé boðið upp á að taka stöðupróf í skólasundi í 10. bekk. Í flestum skólum er boðið upp á aukið val í staðinn fyrir skólasund en átta skólar nefndu að boðið væri upp á þriðja hreyfitímann eða bóklegar skólaípróttir í staðinn fyrir sundið.

Af ofangreindu má ljóst vera að í flestum skólum borgarinnar er þegar verið að nýta þann sveigjanleika sem aðalnámskrá grunnskóla býður upp á varðandi það að nemendur geta lokið hæfniviðmiðum í skólasundi með því að taka stöðupróf í 9. bekk og fá möguleika á námi í bóklegum hluta skólaípróttar eða annars konar hreyfingu í staðinn.